3. tbl. 24. árgangur • júlí 2013

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Forsíðumynd

Það var virkilega gaman á hátíðarhöldunum á Húsavík 1. maí. Hér má sjá Hlífar Karlsson og Guðlaugu Jóhannsdóttir ásamt öðrum gjörsamlega grenja úr hlátri, það gerist ekki betra. Myndina tók Daria Machnikowska.

Endurgreiðslur til félagsmanna hækka verulega

Í ljósi góðrar stöðu hefur Framsýn samþykkt að stórhækka endurgreiðslur til félagsmanna sem sækja um styrki úr sjúkra- eða fræðslusjóði félagsins. Hækkanirnar taka gildi frá 1. júní 2013. Rétt er að taka fram að hækkanirnar taka áfram mið af reglugerðum sjóðanna og félagsgjaldi. Greiði menn fullt félagsgjald fá þeir fullann rétt og svo hlutfallslegan rétt eftir greiddu félagsgjaldi.

Hér koma nokkur dæmi um hækkanir m.v. fullan rétt félagsmanna:

• Félagsmenn sem fullnýta sér þann rétt sem þeir eiga í almennum starfsmenntasjóðum sem Framsýn á aðild að fá til viðbótar frá félaginu allt að kr. 60.000,- þurfi þeir á því að halda vegna kostnaðar við nám eða þátttöku í námskeiðum.

• Fæðingarstyrkur til félagsmanna hækkar úr kr. 60.000,- í kr. 100.000,-.

• Ættleiðingastyrkur hækkar úr kr. 60.000,- í kr. 100.000,-.

• Glasafrjóvgun/tæknifrjóvgun hækkar úr kr. 25.000,- í kr. 100.000,-.

• Styrkur vegna kaupa á heyrnatækjum hækkar úr kr. 60.000,- í kr. 100.000,-.

• Styrkur vegna laseraðgerða á augum hækkar úr kr. 60.000,- í kr. 100.000,-.

• Styrkur vegna kaupa á gleraugum hækkar úr kr. 30.000 í kr. 40.000,-.

• Útfararstyrkur hækkar úr kr. 300.000,- í kr. 330.000,-.

• Heilsueflingarstyrkur hækkar úr kr. 12.000,- í kr. 15.000,-.

• Áhættumat hjá hjartavernd hækkar úr kr. 8.000,- í kr. 17.000,-.

• Styrkur vegna sálfræðiaðstoðar hækkar úr kr. 3.000,- í kr. 6.000,- per tíma.

• Styrkur vegna félags- eða fjölskylduráðgjafar hækkar úr 0,- í kr. 6.000,- per tíma.

• Krabbameinsleit í ristli/blöðruháls er greidd allt að kr. 15.000,-.

• Reglubundin krabbameinsleit hjá konum verður að fullu greidd.

Á síðasta ári fengu 478 félagsmenn Framsýnar greiddar tæpar 25 milljónir í endurgreiðslur úr sjúkrasjóði félagsins. Þá fengu 228 félagsmenn greiddar tæpar 7 milljónir í einstaklingsstyrki úr Fræðslusjóði Framsýnar og þeim almennu sjóðum sem félagið á aðild að í gegnum kjarasamninga. Samtals er um að ræða greiðslur yfir 30 milljónir.

Það er full ástæða fyrir félagsmenn að gleðjast yfir góðum rekstri Framsýnar sem skilar sér beint til þeirra í betri réttindum úr sjóðum félagsins. Meðan dæmi eru um að stéttarfélög hafi orðið að draga úr réttindum félagsmanna eru réttindin aukin hjá Framsýn. Til hamingju með það félagsmenn góðir.

Please notice

If you need information about your salary or your rights in your line of work in Iceland please contact Framsýn, phone 464-6600, or by e-mail kuti@framsyn.is

Samningsumboðið til SGS

Framsýn boðaði til félagsfundar um kjaramál síðasta fimmtudag. Á fundinum var kallað eftir hugmyndum félagsmanna að kröfugerð gagnvart ríkinu og atvinnurekendum. Endanleg kröfugerð verður síðan mótuð í sumar. Þeir sem komust ekki á fundinn geta komið sínum hugmyndum á framfæri með því að senda þær á netfangið framsyn@framsyn.is fyrir 24. júlí n.k. Félagsfundurinn samþykkti að vísa samningsumboðinu til þeirra landssambanda sem félagið á aðild að. Það eru Starfsgreinasamband Íslands og Landssamband ísl. verslunarmanna. Félagið hafði áður vísað samningsumboðinu varðandi kjarasamning sjómanna til Sjómannasambands Íslands.

Myndband fær góðar viðtökur

Myndband um starfsemi Framsýnar og atvinnulífið í Þingeyjarsýslum hefur fengið mjög góðar viðtökur en það var frumsýnt á aðalfundi félagsins 20. júní. Hægt er að skoða myndbandið inn á heimasíðu stéttarfélaganna, www.framsyn.is Um er að ræða 20 mínútna myndband með íslenskum texta og 10 mínútna myndband með enskum texta. Til stendur að gera eitt myndband til viðbótar með pólskum texta.

Myndbandið verður notað til að kynna atvinnulífið í Þingeyjarsýslum og starfsemi Framsýnar. Hér má sjá nemendur úr FSH skoða myndbandið.

Á hvaða launum eigum við að vera?

Formaður Framsýnar þáði boð frá Miðjunni á dögunum. Nokkrir unglingar hittast reglulega í Miðjunni undir leiðsögn leiðbeinenda. Unglingarnir voru að hefja störf á vegum Norðurþings og óskuðu eftir fræðslu um vinnumarkaðinn og þeirra helstu réttindi. Kynningin fór vel fram og voru unglingarnir duglegir að leggja spurningar fyrir formann Framsýnar, Aðalstein Árna Baldursson.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 1. júlí 2013 og gefið út í 2000 eintökum.
HÖNNUN: Skarpur, Húsavík. PRENTUN: Ásprent, Akureyri.

Siðareglur staðfestar

Á aðalfundi Framsýnar voru staðfestar siðareglur fyrir félagið. Þær höfðu áður verið samþykktar í stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins og verið auk þess til kynningar á heimasíðu stéttarfélaganna. Hægt er að nálgast þær á heimasíðunni undir Framsýn, lög og reglugerðir. Á fundinum var skipuð Siðanefnd og hana skipa:

Nafn:	Vinnustaður:
Ari Páll Pálsson	Atvinnuþróunarfélag Húsavíkur
Þóra Kristín Jónasdóttir	GPG-Fiskverkun
Fanney Óskarsdóttir	Leikskólinn Grænuvellir
Varamenn:	
Friðrik Steingrímsson	Stórutjarnaskóla
Friðrika Björk Illugadóttir	Framhaldsskólanum Laugum

Siðanefndin mun koma saman til fundar síðar í sumar og skipta með sér verkum og kynna sér jafnframt ný samþykktar siðareglur sem þeim er ætlað að framfylgja.

Norðurþing á toppnum

Samkvæmt upplýsingum sem voru lagðar fram á aðalfundi Framsýnar greiða eftirtaldir rekstraraðilar mest til Framsýnar í réttri röð:
Norðurþing
G.P.G. Seafood ehf.
Brim hf.
Vísir hf.
Norðlenska matarborðið ehf.
Ríkissjóður Íslands
Þingeyjarsveit
Jarðboranir hf.
Eimskip Íslands ehf.
Hvammur, heimili aldraða

Þessir ágætu herramenn starfa báðir hjá sveitarfélaginu Norðurþingi. Þetta eru þeir Jan Aksel Harder Klitgaard sem er í STH og Símon Böðvarsson sem er í Framsýn.

Þetta er nokkuð fróðlegur listi. Alls greiddu 326 launagreiðendur til félagsins á síðasta ári. Norðurþing greiðir nú mest allra sveitarfélaga/stofnana og fyrirtækja í iðgjöld til Framsýnar eða samtals kr. 8.103.202,- það er fyrir árið 2012. Útgerðarfyrirtækið Brim hf. greiddi mest árið 2011 eða samtals 6.817.393,- í iðgjöld til félagsins. Innifalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna og iðgjöld fyrirtækisins/sveitarfélaga/stofnana í sjóði Framsýnar.

Viðræður í gangi

Það hefur verið mikið líf við höfnina á Húsavík í sumar en því miður hefur enn ekki tekist að ganga frá samningi um tryggingar, kaup og kjör starfsmanna við hvalaskoðun.

Þegar Fréttabréfið er skrifað standa yfir viðræður milli Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins um kjarasamning fyrir starfsmenn við hvalaskoðun á Húsavík. Framsýn vísaði deilunni nýlega til Ríkissáttasemjara vegna óánægju félagsins með áhugaleysi SA varðandi það að ganga frá samningi um kaup og kjör starfsmanna. Auk þess hefur Framsýn lagt áherslu á að starfsmenn væru tryggðir við sín störf til samræmis við sjómenn sem sinna fólksflutningum á sjó s.s. á Herjólfi. Á næstu dögum ræðst væntanlega hvort samningar takast eða ekki.

Kristbjörg hættir að ári

Varaformaður Framsýnar, Kristbjörg Sigurðardóttir, gat þess í ávarpi sem hún flutti á aðalfundi Framsýnar að hún ætlaði að hætta sem varaformaður Framsýnar á næsta aðalfundi félagsins sem haldinn verður á næsta ári. Kristbjörg hefur verið í trúnaðarstörfum fyrir félagið í 25 ár. Fram kom hjá Kristbjörgu að nú væri kominn tími til að stiga til hliðar eftir skemmtilegan og jafnframt gefandi tíma. Bogga sagðist ekki efast um að góður einstaklingur tæki við hennar hlutverki að ári. Hún sagðist hafa talið rétt að taka þetta fram á fundinum. Kristbjörg hefur verið mjög farsæl í starfi og verið mjög vinsæl meðal stjórnenda og starfsmanna félagsins enda skilað góðu starfi fyrir félagið og þar með félagsmenn.

Kristbjörg Sigurðardóttir sem hefur verið farsæl í starfi Framsýnar hættir sem varaformaður á næsta ári.

Línurnar lagðar á Húsavík

Starfsgreinasamband Íslands hélt tveggja daga formannafund á Húsavík í byrjun júní. Helstu málefni fundarins voru kjara- og atvinnumál, ársreikningar sambandsins og lagabreytingar á samþykktum sambandsins. Fyrir liggur að kjarasamningar verða lausir á almenna vinnumarkaðinum í haust. Ekki síst þess vegna urðu miklar umræður um væntanlega kröfugerð, samningstíma og samningsumboðið. Þá urðu einnig umræður um aðkomu Alþýðusambandsins að samningunum og samstarf við önnur landssambönd innan ASÍ.

Um þrjátíu fulltrúar frá aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins tóku þátt í fundinum á Húsavík. Í lok fundar færði Framsýn gestunum smá gjöf frá félaginu sem var úrvals lambakjöt frá Norðlenska.

Sjómaðurinn og Drífa Snædal. Framsýn var með móttöku fyrir gestina í Sjóminjasafninu á Húsavík. Drífa er framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands.

Sólarkaffi á Raufarhöfn

Framsýn stóð fyrir sínu árlega sólarkaffi á Raufarhöfn í byrjun júní. Rúmalega hundrað manns komu við og þáðu kaffi og heimsins bestu tertu sem kvenfélagið á staðnum sá um með miklum myndarskap. Starfsmenn stéttarfélaganna voru á staðnum og tóku vel á móti gestunum. Þá var boðið upp á happdrætti og fengu nokkrir heppnir gestir vegleg verðlaun.

Heimsókn til starfsmanna

Í síðustu viku fór formaður Framsýnar í heimsókn til starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs sem hafa aðsetur í Ásbyrgi. Farið var yfir starfsumhverfi, kjör og stofnannasamning sem gildir fyrir störf landvarða. Framsýn mun fylgja eftir þeim hugmyndum sem fram komu á fundinum, næst þegar stofnanasamningurinn verður endurskoðaður. Framsýn á aðild að samningnum í gegnum Starfsgreinasamband Íslands.

Fundurinn búinn og allir byrjaðir að vinna aftur. Þær eru alltaf brosmildar, Sylvía, Ingibjörg og Jennifer Please og taka vel á móti gestum Glúfrastofu.

Huld boðin velkomin til starfa hjá stéttarfélögunum

Huld Aðalbjarnardóttir Fræðslu- og menningarfulltrúi Norðurþings hefur verið ráðin sem skrifstofu- og fjármálastjóri Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík og hefur hún þegar hafið störf hjá stéttarfélögunum. Huld er boðin velkomin til starfa. Alls bárust 14 umsóknir um starf fjármálastjóra hjá Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Huld hefur mikla reynslu af félagsmálum og rekstri. Hún er menntaður kennari auk þess sem hún hefur stundað nám í stjórnun. Hún hefur starfað sem Fræðslu- og menningarfulltrúi hjá sveitarfélaginu Norðurþingi frá árinu 2008. Áður starfaði hún sem skólastjóri í Öxarfjarðaskóla í átta ár. Hún starfaði sem skrifstofumaður hjá Mýflugi auk þess að kenna við Borgarhólsskóla á Húsavík. Þá var hún um tíma deildarstjóri í leikskóla í Noregi þar sem hún hafði yfirumsjón með skólastarfinu á deildinni. Í stjórnunarstörfunum hefur hún öðlast umtalsverða þekkingu á stjórnun, bókhaldi og rekstri. Stéttarfélögin þakka öllum umsækjendum fyrir áhugann sem þeir sýndu með því að sækja um starfið.

Huld hefur tekið við starfi skrifstofu- og fjármálastjóra Skrifstofu stéttarfélaganna. Það er mikill fengur að fá Huld Arinbjarnar til starfa hjá stéttarfélögunum. Huld hefur verið virk í félagsmálum og þekkir vel til rekstrar- og stjórnunarstarfa. Hún tekur við starfi Orra Freys Oddssonar sem hætti störfum hjá félögunum 1. júlí.

Góð staða Þingiðnar

Aðalfundur Þingiðnar fór fram í lok maí. Fundurinn gekk vel og voru fundarmenn ánægðir með stöðu félagsins. Tillögur stjórnar sem lágu fyrir fundinum voru samþykktar samhljóða. Fullgildir félagsmenn í Þingiðn 31. desember 2012 voru 93 talsins sem er svipaður fjöldi milli ára. Karlar voru 91 og konur 2. Greiðandi einstaklingar voru 93 á árinu samkvæmt ársreikningum félagsins.

Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 6.188.698,- sem er 10,7% hækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði árið 2012 námu kr. 1.282.231,- og hækkuðu töluvert milli ára. Árið 2011 voru greiddar kr. 814.172,- í bætur úr sjúkrasjóði félagsins. Á árinu 2012 fengu samtals 32 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga eða aðra styrki úr sjúkrasjóði. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 12.259.798,- og eigið fé í árslok 2012 nam kr. 202.747.180,- og hefur það aukist um 6,67% frá fyrra ári. Vegna góðrar stöðu félagsins var samþykkt að hækka endurgreiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóði félagsins með sambærilegum hætti og Framsýn samþykkti á sínum aðalfundi. Hægt er að lesa skýrslu stjórnar í heild sinni inni á heimasíðu stéttarfélaganna.

Aðalfundir Þingiðnar eru alltaf lifandi og skemmtilegir enda iðnaðarmenn í Þingeyjarsýslum þekktir fyrir að hafa skoðanir á öllu því sem skiptir máli.

Sterk staða tryggir félagsmönnum góð réttindi

Virk í starfi Framsýnar. Jakob, Ósk og Einar Magnús hafa öll verið virk í starfsemi félagsins og sitja öll í stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins. Þau eiga það sameiginlegt að hafa átt stór afmæli á síðustu mánuðum. Í tilefni af því fengu þau smá glaðning frá félaginu.

Fundarmenn voru ánægðir með tillögur stórnar og trúnaðarmannaráðs um að stórhækka endurgreiðslur til félagsmanna úr sjóðum félagsins. Framsýn er um þessar mundir eitt öflugasta stéttarfélag landsins.

Aðalfundur Framsýnar, stéttarfélags Þingeyinga fór fram 20. júní 2013. Fundurinn fór vel fram og voru fundarmenn mjög ánægðir með rekstur og starfsemi félagsins á umliðnu starfsári. Fundarmenn töldu ástæðu til að klappa fyrir starfsemi og rekstri félagsins.
Hér koma nokkrir fréttamolar frá fundinum:

- Félagssvæði Framsýnar nær yfir sveitarfélögin; Norðurþing, Þingeyjarsveit, Skútustaðahrepp og Tjörneshrepp.
- Innan félagsins eru 2418 félagsmenn. Af þeim greiddu 2193 félagsgjald. Öryrkjar og aldraðir félagsmenn greiða ekki félagsgjald til félagsins. Kynjaskiptin er nánast jöfn í félaginu.
- Rekstur félagsins gekk vel og varð rekstrarafgangur af öllum sjóðum félagsins samtals 127.402.818 kr. Eigið fé í árslok 2012 var 1.369.803.199 kr.
- Félagið greiddi félagsmönnum bætur og styrki úr sjúkrasjóði félagsins upp á 24,5 milljónir.
- Vinnumálastofnun greiddi félagsmönnum Framsýnar sem voru á atvinnuleysisskrá 150 milljónir í atvinnuleysisbætur á síðasta ári.
- Í ljósi góðrar stöðu Framsýnar samþykkti aðalfundurinn að stórhækka réttindi félagsmanna úr sjóðum félagsins enda markmið félagsins að vera í fremstu röð stéttarfélaga. Það er úr sjúkra- og starfsmenntasjóði félagsins.
- Á fundinum voru teknar fyrir og samþykktar siðareglur fyrir félagið. Jafnframt voru kjörnir fulltrúar í siðanefnd.
- Framsýn vill efla starf ungra félagsmanna í ákvarðanatökum innan félagsins. Í tilefni af því var samþykkt á aðalfundinum að stofna ungliðaráð innan félagsins sem skipað verður í haust.
- Á árinu 2013 fengu 228 félagsmenn greiddar 6.788.722 kr. í einstaklingsstyrki úr þeim fræðslusjóðum sem Framsýn á aðild að.
- Samkvæmt úttekt Starfsgreinasambands Íslands á aðildarfélögum sambandsins stendur Framsýn mjög vel, veitir góða þjónustu auk þess að halda úti öflugustu heimasíðu stéttarfélags innan Alþýðusambands Íslands.
- Á fundinum var ályktað um kjara- og atvinnuál:

Ályktun um atvinnumál
"Aðalfundur Framsýnar stéttarfélags hvetur stjórnvöld til að fylgja eftir áætlunum fyrri ríkistjórnar um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Bakka við Húsavík. Mikilvægt er að ríkisstjórnin taki við keflinu og styðji heimamenn í að landa þeim verkefnum sem eru til skoðunar.
Það hefur lengi verið skoðun Framsýnar að nýta eigi þá miklu orku sem er óbeisluð í Þingeyjarsýslum til atvinnuuppbyggingar í héraðinu. Það er í sátt við umhverfið.
Þá fagnar félagið aðkomu Byggðastofnunar að málefnum Raufarhafnar sem átt hefur undir högg að sækja í byggða- og atvinnumálum. Framsýn bindur vonir við að með samstilltu átaki Byggðastofnunar, sveitarfélaga, menntastofnanna og stéttarfélaga í Þingeyjarsýslum verði hægt að breyta lífsskilyrðum fólks á Raufarhöfn til betri vegar.
Varanleg kjölfesta í atvinnulíf svæðisins fæst þó ekki nema með uppbyggingu og stuðningi við sjávarútveg, bæði veiðar og vinnslu. Þar gegna stjórnvöld lykilhlutverki."

Ályktun um kjaramál
"Aðalfundur Framsýnar stéttarfélags hvetur til samstöðu allra aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands í komandi kjaraviðræðum í haust við fyrirtæki, ríki og sveitarfélög.
Því miður hafa stéttarfélögin ekki náð fram viðunandi árangri fyrir hönd sinna umbjóðenda. Starfsgreinasambandið hefur verið klofið innbyrðis og hefur það veikt samtakamáttinn til sóknar fyrir verkafólk. Samstaðan er besta vopnið til að ná fram bættum kjörum fyrir verkafólk sem nýtur þess vafasama heiðurs að verma botninn þegar kemur að framfærslu.
Krafan er að lægstu launin verði hækkuð umfram önnur laun, launajafnrétti kynjanna verði virt, vinnuvikan verði stytt og hækkanir taki mið af getu útflutningsfyrirtækjanna sem standa almennt vel um þessar mundir.
Þá gerir Framsýn þá kröfu að nýkjörin ríkistjórn leggi fram raunhæfar tillögur um aðgerðir sem miði að því að skapa stöðugleika og lága verðbólgu í þjóðfélaginu. Það er í raun besta kjarabótin sem almenningur getur fengið í dag og lykillinn að þjóðarsátt í landinu til næstu ára."

Heimir og Eiður heiðraðir á Sjómannadaginn

Það var klappað vel og lengi til heiðurs Heimi Bessasyni og Eiði Gunnlaugssyni sem voru heiðraðir á Sjómannadaginn á Húsavík.

Stefán hafnarvörður og formaður STH óskar Heimi og Eida til hamingju. Sjá má Kristján Eiðsson til hliðar.

Sjómennirnir, Eiður Gunnlaugsson og Heimir Bessason voru heiðraðir fyrir farsæla sjómennsku en þeir hafa stundað sjómennsku í áratugi frá Húsavík. Athöfnin fór fram á Fosshótel Húsavík þar sem Sjómannadagskaffi Slysavarnardeildar kvenna fór fram. Fjölmenni var í kaffinu. Sjómannadeild Framsýnar sá um heiðrunina. Hér má sjá umfjöllun Aðalsteins Á. Baldurssonar um heiðursmennina sem hann flutti við athöfnina:

Ágæta samkoma!
Ég vil í upphafi óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn. Hefð er fyrir því hér á Húsavík að halda Sjómannadaginn hátíðlegan og heiðra húsvíska sjómenn fyrir vel unnin störf. Sjómannadeild Framsýnar hefur séð um heiðrunina undanfarin ár. Sjómennirnir tveir sem við ætlum að heiðra í dag eiga það sameiginlegt að hafa lengi stundað sjómennsku. Þá hafa þeir einnig verið liðtækir við uppstokkun og beitningu neðan við bakkann. Þeir eiga það einnig sameiginlegt að hafa gaman að því að spila bridge. Þeir hittast reglulega ásamt öðrum síungum sjómönnum sem sestir eru í helgan stein og spila bridge í eldhúsinu hjá Eida Gils á Garðarsbrautinni. Heiðursmennirnir sem við ætlum að heiðra eru Eiður Gunnlaugsson og Heimir Bessason.

Heimir Bessason:
Heimir Bessason fæddist á Dalvík 22. október 1945. Hann er sonur hjónanna, Bessa Guðlaugssonar og Maríu Guðnadóttur. Heimir kom siglandi til Húsavíkur í orðsins fyllstu merkingu þar sem foreldrar hans fluttu til Húsavíkur þegar hann var þriggja ára frá Dalvík. Farið var með bát frá Dalvík til Húsavíkur. Eiginkona Heimis er Sigríður Sigurjónsdóttir. Heimir á fjögur uppkomin börn og einn fósturson. Heimir byrjaði snemma að fylgja föður sínum niður á bryggju, í skúrana og út á sjó. Aðeins 8 til 9 ára gamall var hann kominn á sjó og farinn að draga handfæri með föður sínum. Á þeim tíma var allt dregið með höndunum og allir virkjaðir þrátt fyrir ungan aldur. Það urðu allir að leggja sitt af mörkum og draga björg úr sjó. Handfærarúllurnar komu síðar til sögunnar sem reyndist töluverð tæknibylting sem Heimir kynntist ungur að árum. Þá urðu handtökin önnur og auðveldari.
Þrátt fyrir að Heimir ætti við sjóveiki að stríða varð sjómennskan hans ævistarf enda farsæll og mikill veiðimaður sem oft hefur komið með góðan afla að landi. Heimir fjárfesti í sínum fyrsta báti árið 1973 sem var þriggja tonna trilla sem fékk nafnið Össur ÞH 118. Frá upphafi hefur Heimir átt nokkra báta og verið farsæll sjómaður. Nafnið Össur hefur fylgt hans útgerðarsögu þar til að hann eignaðist þann bát sem hann gerir út í dag. Hann ber nafnið Laugi ÞH 29 og er nefndur eftir afa hans, Guðlaugi Þorleifssyni. Eins og fram hefur komið hefur Heimir verið með eigin smábátaútgerð, nánast sleitulaust frá árinu 1973. Hann stundaði jafnframt netaveiðar með félaga sínum Sigurði Gunnarssyni úr Hlíð í 17 vorvertíðir. Í gegnum tíðina hefur Heimir einnig verið á stærri vertíðarbátum. Svo sem á Helga Fló ÞH, Sigþóri ÞH og Örfirisey RE auk smærri dekkbáta sem gerðir hafa verið út frá Húsavík. Heimir hefur því kynnst allskonar veiðiskap; handfæraveiðum, línuveiðum, netaveiðum, rækjuveiðum, grásleppuveiðum og nótaveiðum. Heimir var oftast háseti um borð í þessum bátum en hann var með „pungaprófið“ svokallaða og réttindi á vélar upp að ákveðinni stærð. Þá hefur Heimir í gegnum tíðina verið liðtækur og vinsæll beitningamaður enda mikil keppnismaður. Hann hefur stokkað og beitt þúsundir bjóða fyrir útgerðarmenn á Húsavík og verið m.a. landformaður sem er ákveðin virðing og ábyrgð fyrir trausta menn. Starfsferill Heimis, sem er enn að, er orðinn langur og strangur og hans framlag til þjóðarbúsins og útgerðarsögu Húsavíkur er ómetanlegt. Því er Heimir vel að því kominn að vera heiðraður hér í dag sem er um leið þakklætisvottur fyrir allt það sem hann hefur lagt að mörkum til samfélagsins hér á Húsavík. Heimir hafðu þakkir fyrir.

Eiður Gunnlaugsson:
Eiður Gunnlaugsson fæddist í Baldursheimi í Mývatnssveit 8. nóvember 1936. Hann er sonur hjónanna Gunnlaugs Sigurðssonar og Karólínu Friðbjarnardóttir. Eiður á fjögur uppkominn börn.
Eiður eða Eidi eins og hann er ávallt kallaður kom ekki siglandi til Húsavíkur líkt og Heimir heldur akandi úr Mývatnssveit árið 1943, þá ungur að árum. Sem unglingur fór Eidi að sækja í fjöruna, þar sem lífið var, enda snérist allt um sjósókn og vinnslu á fiski á Húsavík á þessum árum. Eidi var ekki gamall þegar hann var farinn að stokka upp og beita bjóð hjá frænda sínum Kalla í Höfða og reyndar fleirum útgerðarmönnum sem gerðu út frá Húsavík. Væntanlega hefur Eidi ekki gert sér grein fyrir því á þessum árum að þetta ætti eftir að verða hans ævistarf. Á unglingsárum sínum fór Eidi að sækja suður á vertíðir. Þar beitti hann hjá útgerðum frá Húsavík og útgerðum suður með sjó. Eidi var eftirsóttur enda traustur og góður beitningamaður sem aldrei sló slöku við. Eidi kynntist einnig vel síldarárunum en hann var háseti á bátum eins og Helgu ÞH og Helga Fló ÞH sem fiskuðu vel af síld við strendur Íslands á sumrin. Eidi hefur að mestu verið launþegi hjá útgerðaraðilum. Þó ekki alveg, þar sem hann keypti 2,5 tonna trillu árið 1960 sem hann gerði út í átta ár ásamt bróður sínum Kala Gils, eða Karli Gunnlaugssyni. Trillan fékk nafnið Veiðibjallan ÞH 58. Gerðu þeir bræður út á sumrin en yfir vetrartímann fóru þeir bræður á stærri báta sem gerðir voru út frá Húsavík. Eidi er mikill og góður verkmaður sem alla tíð hefur verið tryggur sínum vinnuveitendum. Það sést best á því að hann var í ráðningarsambandi við útgerðarfyrirtækið Vísir á Húsavík í samfellt 25 ár. Hann var á bátum fyrirtækisins Svani ÞH og Sigþóri ÞH auk þess að beita í landi þegar þess þurfti með. Eidi var með svokallað „þungapróf“ sem veitti honum ákveðin réttindi til að stjórna bátum upp að ákveðinni stærð. Hann leysti því stundum af sem stýrimaður á Sigþóri ÞH. Eidi kynntist mismunandi veiðiskap s.s. línuveiðum, netaveiðum, rækjuveiðum og síldveiðum. Eidi hætti formlega störfum þegar hann komst á aldur árið 2001. Hann hætti þó ekki alveg enda ekki hans stíll að liggja upp í rúmi og horfa upp í loftið aðgerðarlaus. Frá þeim tíma hefur hann verið afar duglegur við að aðstoða Hauk Eiðsson útgerðarmann sem er sonur hans. Haukur gerir út bátinn Karolínu ÞH frá Húsavík og oft má sjá Eida sniglast í kringum bátinn þegar hann er í landi eða þegar hann er að koma að landi eftir góðar veiðiferðir. Þá þarf að taka til hendinni. Líkt og Heimir er Eiður Gunnlaugsson vel að því kominn að vera heiðraður hér í dag fyrir dugnað og framlag hans til samfélagsins. Sannur sjómaður sem er enn að. Slíkir öðlingar eru vel að því komnir að vera heiðraðir fyrir áratuga sjómennsku. Eiður hafðu þakkir fyrir.

Trúnaðarmannanámskeið í haust

Framsýn stendur fyrir tveggja daga trúnaðarmannanámskeiði í haust. Námskeiðið verður haldið 17. – 18. október. Staðsetning námskeiðsins hefur ekki verið ákveðin endanlega. Helstu þættir sem teknir verða fyrir eru tryggingar, kjarasamningar og samningatækni. Þá verður einnig farið í vettvangsferð um svæðið þar sem námskeiðið verður haldið. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna. Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eiga trúnaðarmenn rétt á að sækja trúnaðarmannanámskeið og halda launum.

Í gegnum tíðina hefur verið lagt mikið upp úr trúnaðarmannafræðslu hjá stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslum.

Lausar vikur í orlofshúsum

Nokkrar vikur eru lausar í orlofshúsum í sumar. Endilega hafið samband ef þið hafið áhuga fyrir þessum vikum en lausar vikur eru auglýstar á forsíðu heimasíðu stéttarfélaganna.

Framsýn stigur mikilvægt skref

Alþýðusamband Íslands hefur lagt áherslu á að sambönd með beina aðild og aðildarfélög sambandsins geri átak í að efla áhuga ungs fólks á hreyfingunni og baráttumálum ungs fólks innan hreyfingarinnar. Því miður virðist fæðingin ganga frekar illa ef marka má viðbrögð aðildarfélaga sambandsins. Eftir því sem best er vitað hefur aðeins eitt samband innan Alþýðusambandsins stofnað vetfang fyrir ungt fólk, Rafiðnarsamband Íslands þar til nú að Framsýn hefur samþykkt að stofna Ungliðaráð innan félagsins sem skipað verði fjórum ungum félagsmönnum af báðum kynjum. Ungliðaráðið mun starfa undir heitinu FRAMSÝN-UNG. Ráðinu er ætlað að vinna náið með stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins að málefnum ungs fólks. Það er að tryggja að hugað sé að stöðu og hagsmunum ungs launafólks í stefnu verkalýðshreyfingarinnar og að rödd unga fólksins heyrist í starfi og stefnumótun Framsýnar, stéttarfélags. Enn og aftur sýnir Framsýn ákveðið frumkvæði í uppbyggingu og starfi stéttarfélaga.

Á aðalfundi Framsýnar var samþykkt að stofna ungliðaráð innan félagsins, FRAMSÝN-UNG. Hér má sjá tvo unga menn sem voru á aðalfundinum og tóku þátt í að stofna ungliðaráðið.

Sigríður Matthildur Arnórsdóttir (f. 1926 – d. 2013)

Á sólskinsdegi á Húsavík 15. júní 2013 féll góður félagsmaður Framsýnar – stéttarfélags frá, Sigríður Matthildur Arnórsdóttir eða Sigga Matta eins og hún var jafnan kölluð. Sigga Matta var fædd í Jörfa á Húsavík 19. maí 1926. Sigríður byrjaði ung á vinnumarkaði, um tíma starfaði hún m.a. sem afgreiðslustúlka hjá Pöntunarfélagi Verkamanna og sem handavinnukennari en lengst af við afgreiðslustörf og verslunarstjórn hjá Kaupfélagi Þingeyinga – vefnaðarvörudeild.

Sigga Matta var einlægur verkalýðssinni og mannvinur. Faðir hennar, Arnór Kristjánsson, var formaður Verkamannafélags Húsavíkur um tíma en málverk af honum prýðir Skrifstofu stéttarfélaganna.

Sigga Matta var ein af stofnendum Verslunarmannafélags Húsavíkur árið 1965, sat í fyrstu stjórn félagsins og varð síðar formaður þess á árunum 1968-1972. Hún var einlægur verkalýðssinni og mannvinur og hvar sem hægt var að leggja lóð á vogaskálar réttlætis og jöfnuðar, kom Sigga Matta með gott innlegg og stuðning á sinn einlæga og hlýlega hátt.

Stjórn- og starfsfólk Framsýnar – stéttarfélags þakkar Siggu Möttu gott framlag og óeigingjarna vinnu fyrir Verslunarmannafélag Húsavíkur (síðar Framsýn – stéttarfélag). Fjölskyldu hennar, öðrum aðstandendum og vinum sendum við okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Eftirlitsátak í fiskvinnslu

Vinnueftirlitið hefur ákveðið að leggja áherslu á eftirlit með fyrirtækjum í fiskvinnslu árið 2013. Er þetta m.a. gert í framhaldi af slysum sem orðið hafa í tengslum við vélbúnað í fiskvinnslu, sem og vegna þess að lesa má úr slysaskrá Vinnueftirlitsins aukningu á slysum almennt í atvinnugreininni. Af þessum sökum hyggst stofnunin fara í eftirlitsátak á landsvísu auk þess sem boðið verður upp á fræðslu í tengslum við átakið.

Samkvæmt slysaskrá Vinnueftirlitsins hefur slysatíðni í atvinnugreininni hækkað á undanförnum árum. Flest slys í fiskvinnslu verða við framleiðslulínur, á ferð um vinnusvæði og við viðhaldsvinnu. Algengustu orsakavaldar eru vinnusvæði, iðnaðarvélar, handverkfæri og vinnuvélar. Algengustu orsakir áverka eru hvass, beittur hlutur, högg og að klemmast/festast í vél. Tilkynningar um útvortis og innvortis blæðingar og tognanir hafa aukist en fjöldi beinbrota er áfram um 20 á ári, svipað og liðna tvo áratugi þrátt fyrir fækkun starfsmanna í greininni. Slysum meðal ungra starfsmanna hefur fjölgað. Átakið mun standa yfir frá júní til nóvember á yfirstandandi ári, flest fyrirtæki í fiskvinnslu verða heimsótt. Fundað verður með yfirstjórnendum og öryggisnefnd eða öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum, þar sem verður rætt um vinnuverndarstarf fyrirtækisins, áhættumat þess auk þess sem upplýsingaefni verður afhent. Vinnustaðurinn verður svo skoðaður með tilliti til öryggismála. Ef þörf reynist verða gefin fyrirmæli um úrbætur með tímafresti. Ef aðstæður á vinnustaðnum krefjast þess verður notkun búnaðar, eða vinna bönnuð.

Vinnueftirlitið vill útrýma slysum í fiskvinnslufyrirtækjum. Fulltrúar frá þeim munu fara um landið á næstunni og skoða aðstæður og aðbúnað í fiskvinnslum.

Ófaglærðir í störfum faglærðra

Á fundi stjórnar Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum sem haldinn var nýlega, kom fram megn óánægja með að ófaglærðir starfsmenn séu að ganga í verk faglærðra s.s. í byggingarvinnu og við bílaviðgerðir. Töldu menn óþolandi að ófaglærðir gengu í störf faglærðra og nefndu nokkur dæmi máli sínu til stuðnings. Samþykkt var að fylgjast vel með þróuninni og grípa inn í atburðarrásina telji stjórnin ástæðu til þess enda störf iðnaðarmanna lögvernduð. Jafnframt urðu umræður um hækkanir á stjórnarlaunum í Lífeyrissjóðunum Stapa. Á síðasta ársfundi sjóðsins var samþykkt tillaga frá atvinnurekendum um verulegar hækkanir á launum stjórnar, varamanna og stjórnarformanns. Farið var yfir hækkanirnar og voru menn hneykslaðir. Nokkur önnur smærri mál voru á dagskrá fundarins sem ekki er ástæða til að geta um sérstaklega.

Stjórn Þingiðnar telur óþolandi að ófaglærðir gangi í störf faglærðra. Samþykkt var að fylgjast vel með þróuninni og grípa inn í atburðarrásina telji stjórnin ástæðu til þess enda störf iðnaðarmanna lögvernduð.

Góður andi á aðalfundi STH

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur, fyrir árið 2012, fór fram 8. maí sl. og mættu 25 manns til fundarins. Gestir fundarins voru Guðbjörg Þorsteinsdóttir og Guðbjörn Arngrímsson formaður Samflots bæjarstarfsmanna. Fundurinn hófst með skýrslu formanns og síðan fór Orri Freyr fjármálastjóri félagsins yfir reikninga félagsins sem skilaði rúmlega 1 milljón í hagnað og voru þeir samþykktir. Þess má geta að Starfsmenntunarsjóður félagsins stendur mjög vel og var á úthlutað úr honum 1.135.315.- til félagsmanna á síðasta ári. Síðan var kosið til stjórnar og þetta ár var kosið um tvo í stjórn. Guðrún K. Magnúsdóttir gaf ekki kost á sér í stjórn áfram enn hún hefur verið ritari stjórnar og var henni færður blómvöndur fyrir vel unnin störf undanfarin ár. Ný kona var kosin í stjórn og er það Guðrún Brynjarsdóttir og kemur hún frá Þekkingarneti Þingeyinga og er hún boðin velkomin til starfa. Aðrir í stjórn eru Ása Gísladóttir, Helga Eyrún Sveinsdóttir, Helga Þuríður Árnadóttir og Stefán Stefánsson.
Félagskjörnir endurskoðendur: Jóhanna Björnsdóttir, Guðmundur Guðjónsson og Anna Ragnarsdóttir til vara. Orlofsnefnd: Helga Þuríður, Karl Halldórsson og Sveinn Hreinsson. Starfskjaranefnd: Hjálmar Hjálmarsson, Stefán Stefánsson og Sigmundur Þorgrímsson til vara. Starfsmenntasjóður: Guðrún Guðbjartsdóttir, Stefán Stefánsson og Óskar Óli Jónsson til vara. Ferðanefnd: Jóhanna Björnsdóttir, Frímann Sveinsson og Guðrún K. Jóhannsdóttir. Margrét Schiöth gaf ekki kost á sér áfram og kom Guðrún í hennar stað. Eftir aðalfundarstörfin fór Guðbjörn formaður Samflots yfir starfsemi Samflotsins hvað við höfum verið að gera og eins um framtíðina hjá þeim félögum sem eru innan samflotsins og kom inná næstu kjarasamningsgerð sem mun hefjast í haust og var fólk mjög ánægt með yfirferð Guðbjörns á málefnum Samflotsins. Síðan var góður matur borinn fram og sat fólk og spjallaði fram eftir kvöldi. Fundurinn þóttist takast vel og var sérstök ánægja með gest fundarins og það sem hann hafði fram að færa.

Gestir fundarins voru Guðbjörg Þorsteinsdóttir og Guðbjörn Arngrímsson formaður Samflots bæjarstarfsmanna.

Ný skýrsla um svarta atvinnustarfsemi á Íslandi

Nýverið kom út skýrsla á vegum Eurofound þar sem fjallað er um svarta atvinnustarfsemi á Íslandi út frá ýmsum hliðum. Markmið skýrslunnar, sem ber yfirskriftina „Tackling undeclared work in Iceland“, er m.a. að veita yfirlit yfir umfang og eðli svartrar atvinnustarsemi á Íslandi sem og varpa ljósi á aðgerðir yfirvalda til að uppræta slíkt. Í skýrslunni er svört atvinnustarfsemi á Íslandi talin nema 15% af vergri þjóðarframleiðslu og því er ljóst að um gríðarlega fjármuni er að ræða – fjármuni sem rata ofan í hið svarta hagkerfi í stað þess að samfélagið njóti góðs af.
Samkvæmt skýrslunni er ástandið þó síður en svo verst á Íslandi þegar umfangið er borið saman við önnur Evrópulönd. Af þeim 28 Evrópulöndum sem borin eru saman er Ísland í 6. sæti varðandi hlutfall svartrar atvinnustarfsemi af vergri þjóðarframleiðslu. Ástandið er talið skást í Austurríki og Lúxemborg (tæp 10%), en verst er ástandið í Rúmeníu og Búlgaríu – yfir 30%.
Undanfarin misseri hefur svört atvinnustarfsemi hér á landi verið mikið í umræðunni og hafa margir lýst yfir áhyggjum af stöðu mála, sérstaklega innan hinnar sívaxandi ferðaþjónustu. Nýlega sendi Starfsgreinasambandið sem Framsýn á aðild að frá sér ályktun þar sem lýst er áhyggjum af stöðu starfsfólks í ferðaþjónustu og greint frá því að undanfarin ár hefur orðið mjög vart við kjarasamningsbrot í greininni og undanskot frá sköttum og skyldum. SGS skorar því á atvinnurekendur, starfsfólk og stjórnvöld að gæta þess að farið sé eftir leikreglum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sett sér og láti vita ef misbrestur er á.
Þess má geta að í sumar munu Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Ríkisskattstjóri taka höndum saman á nýjan leik og ráðast í sérstakt átak, m.a. gegn svartri atvinnustarfsemi. Fulltrúar aðilanna þriggja munu heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir. Yfirskrift átaksins er „Leggur þú þitt af mörkum?“

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Ríkisskattstjóri hafa tekið höndum saman á nýjan leik og ráðast í sérstakt átak, m.a. gegn svartri atvinnustarfsemi. Því miður eru undanskot frá sköttum og skyldum áberandi í ákveðnum atvinnugreinum s.s. ferðaþjónustu. Fulltrúar frá Ríkisskattstjóra og stéttarfélögunum í Þingeyjarsýslum hafa undanfarið verið á ferðinni um félagssæðið og kannað stöðuna.

Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum vilja minna félagsmenn sína á rétt þeirra til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí.

Orlofsuppbót hjá þeim sem starfa hjá sveitarfélögum er kr. 38.000 árið 2013. Orlofsuppbót á almenna markaðinum og hjá ríkinu er kr. 28.700 árið 2013. Þetta á við um þá sem eru í 100% starfi. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Hér má sjá unglinga í Vinnuskólanum á Húsavík við sumarstörf. Þeir eru væntanlegir í heimsókn til stéttarfélaganna í byrjun júlí til að kynna sér starfsemi stéttarfélaganna og atvinnulífið á svæðinu.

1. maí fagnað á Þórshöfn

Verkalýðsfélag Þórshafnar stóð fyrir hátíðarhöldum í Íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn 1. maí. Mæting var góð þar sem yfir 150 gestir komu og þáðu ljúffenga súpa, heimabakað brauð og fjölbreytt álegg.

Launþegar athugið

Á árinu 2012 greiddu til Framsýnar- stéttarfélags 2193 launamenn iðgjöld skv. ákvæðum kjarasamninga. Félagið gætir hagsmuna þeirra allra gagnvart atvinnurekendum í héraði og fer með umboð þeirra í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á landsvísu. Allir sem greitt er af til félagsins afla sér réttinda í sjóðum þess og njóta verndar þeirra kjarasamninga sem félagið gerir og allir sem greitt er af eru færðir á félagaskrá sem fullgildir félagsmenn nema þeir óski eftir því að vera ekki á henni. Það athugist að einungis fullgildir félagsmenn njóta kosningaréttar og kjörgengis í félaginu. Hér með er þeim tilmælum beint til þeirra launamanna sem greiddu iðgjöld til félagsins á árinu 2012 en vilja ekki vera á félagsskrá sem fullgildir félagsmenn að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem allra fyrst.

Stjórn Framsýnar- stéttarfélags

Rekstrarafgangur hjá VÞ

Aðalfundur Verkalýðsfélags Þórshafnar var haldinn fimmtudagskvöldið 2. maí 2013 í Íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn. Tekin voru fyrir venjuleg aðalfundarstörf. Þá voru nýjar siðareglur fyrir félagið kynntar og samþykktar eftir góðar umræður. Rekstrarafgangur varð af öllum sjóðum félagsins og varð tekjuafgangur alls kr. 5,6. milljónir. Við síðustu áramót voru eignir félagsins 61,3 milljónir og skuldir engar.

Þrátt fyrir að Verkalýðsfélag Þórshafnar sé fámennasta stéttarfélag innan Starfsgreinasambands Íslands er starfsemi félagsins öflugt á landsvísu enda mikið lagt upp úr persónulegri þjónustu við félagsmenn. Hér má sjá nokkrar konur sem komið hafa að starfsemi félagsins.

Færðu FSH bókagjöf

Stéttarfélögin færðu Framhaldsskóla Húsavíkur bókagjöf. Um er að ræða tvær bækur um sögu Alþýðusambands Íslands sem nýlega voru gefnar út. Til stendur að gefa bækurnar einnig til bókasafna í Þingeyjarsýslum. Það á jafnframt við um Framhaldsskólann á Laugum. Formaður Þingiðnar, Jónas Kristjánsson er hér ásamt Dóru Ármanns skólameistara FSH.

Gróska í atvinnulífinu

Formaður Framsýnar heilsaði nýlega upp á félagsmenn og aðra þá sem hann rakst á við höfnina á Raufarhöfn og reyndar á götum bæjarins líka. Meðal annars spjallaði hann við trillukarla sem voru að koma úr róðri. Menn voru nokkuð ánægðir með aflabrögðin.

Friðgeir Hjaltason tekur við körum og gerir allt klárt fyrir næstu veiðiferð.

Páll Þormar þjónustar bátanna og kemur aflanum á vigt áður en hann fer í vinnslu hjá GPG-Fiskverkun á Raufarhöfn.

Valli hafnarvörður og Gunnar sem er verkstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja á Þórshöfn fara yfir stöðuna sem virðist nokkuð góð miðað við brosið á þeim félögum.

Fræðandi ferð til verkalýðssamtaka í Svíþjóð

Fulltrúarnir frá Íslandi áttu góðan fund með Livs sem eru systursamtök Starfsgreinasambands Íslands. Fundurinn var fræðandi og varpaði góðu ljósi á stöðu verkalýðshreyfingarinnar í Svíþjóð.

Fulltrúar úr stjórn og trúnaðarmannaráði Framsýnar auk starfsmanna fóru á eigin vegum til Svíþjóðar í apríl til að kynna sér starfsemi stéttarfélaga og réttindi verkafólks í Svíþjóð. Fulltrúar frá LO/ASÍ buðu gestunum úr Þingeyjarsýslu í heimsókn í höfuðstöðvar Alþýðusambandsins í Stokkhólmi. Þar fengu þeir fræðslu um stjórnmál og vinnumarkaðinn í Svíþjóð. Því næst hélt hópurinn í heimsókn til Livs sem eru systursamtök Starfsgreinasambands Íslands nema hvað Livs stendur einungis fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði. Innan sambandsins eru um 35 þúsund félagsmenn. Líkt og hjá LO fóru fulltrúar Livs yfir kjör og réttindi verkafólks í Svíþjóð. Einnig var komið inn á Evrópusambandið og stjórnarfar í landinu. Fulltrúar Framsýnar þáðu matarboð hjá Livs eftir upplýsandi fund. Verkalýðshreyfingin í Svíþjóð er greinilega ekki hrifin af hægri stjórn sem stjórnað hefur landinu frá árinu 2006. Þeir töluðu um sorglegan kafla í sögu landsins. Á tímabilinu hefði gengið verulega á réttindi verkafólks. Þeir vonuðust til að vinstri stjórn kæmist til valda í næstu kosningum enda hefðu þeir átt gott samstarf við vinstri stjórnir í gegnum tíðina. Þá vöktu viðbrögð talsmanna verkalýðshreyfingarinnar í Svíþjóð varðandi Evrópusambandið töluverða athygli en landið er aðili að Evrópusambandinu. Miðað við það sem fram kom á kynningarfundunum með talsmönnum LO og Livs er lítil hrifning af aðildinni meðal verkalýðshreyfingarinnar. Hjá Livs kom fram að verulega hefði fækkað félagsmönnum í sambandinu á undanförnum árum sem veikt hefði verkalýðshreyfinguna. Nokkrar ástæður voru nefndar þar á meðal aðildin að Evrópusambandinu. Þá væri ekki áhugi fyrir því að taka upp Evru. Einn af þeim sem hafði framsögu um stöðu verkalýðshreyfingarinnar í Svíþjóð tók svo sterkt til orða að ef kosið yrði í dag um hvort Svíþjóð ætti að gerast aðili að Evrópusambandinu segði hann Nei. Eftir afar velheppnaða ferð til verkalýðssamtaka í Svíþjóð fór hópurinn í Sendiráð Íslands. Gunnar Gunnarsson sendiherra ásamt hans frábæra starfsfólki bauð Þingeyingunum í heimsókn í sendiráðið. Þar fór Gunnar yfir starfsemina og dagleg störf starfsmanna sendiráðsins. Verulega hefur verið skorið niður í utanríkisþjónustunni eftir hrun og nú starfa aðeins fjórir starfsmenn við sendiráðið. Líkt og hjá LO og Livs var vel tekið á móti gestunum frá Íslandi. Alls fóru 18 félagsmenn Framsýnar í ferðina og kostuðu þau ferðina sjálf.

Samningur um afsláttarkjör

Aðalsteinn Á. Baldursson skrifaði undir samninginn fyrir hönd Framsýnar og Magnús Jónsson umdæmisstjóri VÍS á Norðurlandi og Magnús Þorvaldsson þjónustustjóri VÍS á Húsavík fyrir hönd VÍS og Lífís.

Framsýn hefur gengið frá samningi við Vátryggingafélag Íslands og Líftryggingafélag Íslands um forvarnir og afsláttarkjör fyrir félagsmenn Framsýnar. Samkomulagið nær einnig til félagsmanna Þingiðnar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórshafnar.
Samkomulagið byggir á því að félagsmenn þessara stéttarfélaga fá sérstakan aflátt af tryggingum umfram þau kjör sem þeir hafa í dag, það er viðbótarkjör. Þeir félagsmenn sem eru með tryggingar hjá VÍS og Lífís er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og skrá sig fyrir afslættinum svo hægt verði að virkja hann hjá VÍS og Lífís. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna og hjá Þjónustuskrifstofu VÍS á Húsavík.

Verslanir teknar út

Verslun í dreifbýli er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga er aðili að. Meginmarkmið verkefnisins er að styrkja verslun í dreifbýli en hún stendur víða höllum fæti. Áhersla verkefnisins er að styðja við faglega þekkingu og hæfni verslunareigenda og auka framboð og gæði ráðgjafar á vettvangi verslunarreksturs og koma á fót ráðgjafa- og fræðsluþjónustu fyrir þá sem reka litlar verslanir í dreifbýli. Verkefnið sem hófst árið 2009 lauk formlega í nóvember 2011, stutt af NPP áætluninni og NORA með samstarfsaðilum frá Færeyjum, Finnlandi, Írlandi, N-Írlandi og Íslandi en aukaþátttakendur koma frá Svíþjóð, Noregi og Grænlandi. Sex verslanir af starfssvæði Framsýnar tóku þátt í verkefninu. Í framhaldinu fóru viðburðar- og verslunarstjórar frá Íslandi til Færeyja og kynntu sér m.a. samspil verslunar og ferðaþjónustu. Í samstarfi við stjórn Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var ákveðið að nýta sér þau tól og tæki sem unnin voru í verkefninu og fara í úttekt á níu verslunum á Húsavík auk þess sem sambærileg úttekt verður gerð í matvöruverslunum á starfssvæðinu, þ.e. á Kópaskeri, Raufarhöfn, Mývatnssveit og Laugum. Aðili búsettur utan Húsavíkur var fenginn til verkefnisins en úttektin fór fram á vordögum. Úttektin felst í gátlista sem samanstendur af fjölmörgum spurningum sem snúa m.a. að: Ytra umhverfi – bílastæði, aðkoma verslunar, merking og aðgengi fatlaðra. Innra umhverfi – dyraumbúnaður, hljóð/lýsing/lykt, innréttingar, uppröðum, útstillingar, merkingar, úrval, verð, snyrtileiki og hreinlæti. Þá var aðstaða starfsmanna skoðuð. Heildarupplifun, styrkleikar verslunar og tækifæri til úrbóta. Verslunarstjórar viðkomandi verslana hafa fengið niðurstöður í hendurnar og hafa margir þegar fylgt ábendingum eftir. Tilgangurinn er m.a. sá að efla gæði, bæta úr því sem betur má fara og viðhalda því sem vel er gert.

Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í annarri ferðaþjónustu?

Nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi:

- Laun 16 og 17 ára miðast við það ár sem hlutaðeigandi aldri er náð.
- 22 ára lífaldur jafngildir starfsaldri eftir eitt ár.
- Hámarks vinnutími á mánuði er 172 klst., eftir það greiðist yfirvinna sem er 80% hærri en dagvinna.
- Hámarkslengd vaktar er 12 klst.
- Hvenær lýkur þinni vakt? Vakt skal skrá með upphaf og endi í vaktaplani. Vaktir skulu skipulagðar fyrir 4 vikur í senn og vaktaskrá kynnt a.m.k. viku áður en hún tekur gildi.
- Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda.
- Óheimilt er að hafa orlof innifalið í launataxta.
- Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Að lágmarki skal borga 4 klst. í útkalli.
- Í vaktavinnu greiðist álag á þann hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabils.

33% álag á tímabilinu kl. 17:00 -00:00 mánudaga til föstudaga.
45% álag á tímabilinu kl. 00:00 – 08:00 allar nætur og laugardaga og sunnudaga.
90% álag á sérstökum stórhátíðardögum.

Þú skalt skoða vel og geyma alla þín launaseðla!

Láttu ekki plata þig!

Framsýn, stéttarfélag stendur vörð um réttindi þín!

FRAMSÝN STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA
www.framsyn.is

Launa og viðhorfskönnun DVS

Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar gerði nýlega launa- og viðhorfskönnun meðal starfsmanna sem falla undir starfsemi deildarinnar, sem verslunar- og skrifstofufólk. Samtals fengu 135 félagsmenn könnunina í pósti, svarhlutfallið var 22%. Þar sem svarhlutfallið var ekki hærra er könnunin ekki marktæk er varðar launakjör félagsmanna. Hins vegar gefur hún góðar vísbendingar varðandi aðra þætti. Sem dæmi má nefna:

- Menntun starfsmanna er með eftirfarandi hætti:

Gunnskólamenntun	37%
Framhaldsskólamenntun	37%
Iðnnám	13%
Háskólanám	13%

- Að meðaltali eru félagsmenn deildarinnar í 80% starfi.
- Um 33% svarenda hafði fengið launaviðtal á síðustu 12 mánuðum. Þeir sem fengu launaviðtal sögðu viðtalið hafa borið árangur.
- Samtals höfðu 53% svarenda leitað til Skrifstofu stéttarfélagnna á síðustu 12 mánuðum. Af þeim sem leituðu til skrifstofunnar höfðu allir fengið aðstoð/úrlausn sinna mála.
- Samtals höfðu 87% svarenda heimsótt heimasíðu Framsýnar á síðustu 6 mánuðum.
- Samtals voru 93% svarenda ánægðir með starfsemi DVS innan Framsýnar. En 7% svöruðu ekki þessari spurningu.
- Allir svarendur sögðust lesa Fréttabréf stéttarfélaganna.
- Svarendum gafst kostur á að koma athugsemdum á framfæri við Framsýn. Þær voru á einn veg, það er að halda áfram góðu starfi.

Söguferð um Langanes

Stéttarfélögin standa fyrir söguferð um Langanes laugardaginn 24. ágúst. Farið verður frá Húsavík kl. 08:00. Á leiðinni austur verður komið við í Gljúfrastofu. Þegar komið verður til Þórshafnar verður söguganga um bæinn og boðið upp á súpu og brauð á staðnum. Því næst verður lagt á stað út á Langanes. Litið verður inn í hið sögufræga Sauðaneshús. Skoruvíkurbjarg verður skoðað og litið á súluna í Stóra Karli. Þaðan verður haldið áfram að eyðiþorpinu Skálum og fræðst um sögu þess. Frá Skálum verður ekið út á Font. Á leiðinni til baka af Langanesinu verður komið við á Ytra Lóni þar sem boðið verður upp á kaffiveitingar áður en haldið verður aftur til Húsavíkur. Leiðsögumaður um Langanesið verður Halldóra Gunnarsdóttir. Áætluð heimkoma til Húsavíkur er um kl. 21:00. Skráning og frekari upplýsingar um ferðina er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna, fyrir 27. júlí. Þátttökugjaldið er kr. 5000,- fyrir félagsmenn. Ekki missa af þessari einstöku ferð

Það er víða fallegt á Langanesinu og þar er mikið fuglalíf. Stéttarfélögin standa fyrir ferð á Langanesið í ágúst. Mynd: Hróbjartur Sigurðsson

Glæsileg hátíð

Tæplega 800 manns komu saman á hátíðarhöldum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Hátíðin fór fram í íþróttahöllinni á Húsavík og hófst kl. 14:00. Dagskráin var að venju glæsileg enda boðið upp á landsþekkta skemmtikrafta. Fjölmargir gestir sáu ástæðu til þess að þakka fyrir sig í lokin með því að þakka forsvarsmönnum stéttarfélaganna fyrir samkomuna sem er fjölmennasta samkoma sem haldinn er í Þingeyjarsýslum á hverju ári auk þess að vera ein fjölmennasta hátíð sem haldin er á 1. maí á Íslandi. Ræðumenn dagsins fóru á kostum og var vel látið af þeirra boðskap. Stéttarfélögin þakka öllum þeim sem lögðu leið sína í Íþróttahöllina fyrir komuna. Sjá myndir sem Daria Machnikowska tók á hátíðarhöldunum:

ENNEMM / SÍA / NM56924

Einn góðan veðurdag verður herbergið of lítið

50%
afsláttur af lántökugjöldum* og frítt greiðslumat

Húsnæðissparnaður Íslandsbanka

Það kemur að því að þig langar að flytja að heiman. Hjá Íslandsbanka bjóðum við húsnæðissparnað fyrir ungt fólk sem er farið að búa sig undir framtíðina.

Þú getur valið um tvo góða kosti, **verðtryggðan** sparnað sem hentar vel fyrir langtímasparnað eða **óverðtryggðan** sem hentar vel ef stefnt er á íbúðarkaup í náinni framtíð. Þegar komið er að húsnæðiskaupunum færðu **frítt greiðslumat** og **50% afslátt af lántökugjöldum*** hjá Íslandsbanka.

Kynntu þér málið betur á www.islandsbanki.is/sparnadur eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Verðtryggður sparnaður	Óverðtryggður sparnaður
2,10% vextir*	4,50% vextir*
Hentugur sparnaðartími 3 ár +	Hentugur sparnaðartími 1,5 ár +

*M.v. vaxtatölu Íslandsbanka 11.06.2013. Skilyrði fyrir afslætti af lántökugjöldum og frían greiðslumati er reglulegur sparnaður sem nemur að lágmarki 5.000 kr. út binditíma reiknings. Lánveitingar eru háðar útlánareglum bankans hverju sinni.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki